

Ed.

380. Breytingartillögur

[137. mál]

við frv. til erfðalaga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. 3. másl. falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Ef hinn látni á engin börn eða barnabörn á lífi, en faðir og móðir hans lifandi, erfa þau hann að jöfnu. Kjörbörn og börn þeirra teljast hér sem börn og barnabörn arftaka.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Ef annað foreldri arfleiddanda er andað, tekur hitt, sem á lífi er, allan arf eftir hann.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Nú eru báðir foreldrar látnir, og taka þá afar og ömmur arfleiddanda allan arf eftir hann að jöfnu, þau sem á lífi eru.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Ef enginn arftaki er á lífi, sbr. 1.—5. gr., fellur arfurinn allur til Tryggingastofnunar ríkisins.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Það hjóna, sem lengur lifir, erfir einn fjórða af eignum maka síns, ef haun á börn eða barnabörn á lífi, annars erfir það allar eignirnar.
7. Við 8. gr. Greinin falli niður.
8. Við 11. gr. Greinin falli niður.
9. Við II. kafla 18. gr. Greinin ásamt fyrirsögn falli niður.
10. Við 19. gr. Í stað orðanna „18 ára“ komi: 21 árs.
11. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
Nú á arfleiddandi arftaka á lífi, og er honum þá ekki heimilt að ráðstafa með erfðaskrá meira en einum fjórða hluta eigna sinna.
12. Við 21. gr. Í stað orðanna „18 ára“ komi: 21 árs.
13. Við 28. gr. Greinin falli niður.
14. Við 33. gr. Í stað orðsins „ríkissjóður“ í lok greinarinnar komi: Tryggingastofnun ríkisins.